

Myndastíll.

Nauðsynlegt er að flokka skrifleg verkefni eftir þyngd. Það er því sem næst útilokað að láta alla nemendur fást við samskonar skrifleg verkefni.

Aðferðir.

1. Nemendurnir og kennarinn ræða saman um myndasöguna. Kennarinn spyr og nemendur svara. Eitt atriði er tekið fyrir í einu til að halda áhuga nemendanna. Kennarinn spyr nemendur hvað þeir haldi að gerist næst.
2. Eftir að farið hefur verið munnlega í söguna á þennan hátt, getur kennarinn skrifað lykilorð á töfluna og beðið nemendur að mynda setningar með þessum orðum munnlega. Því næst má setja þeim skrifleg verkefni fyriri.
3. Fjögur mismunandi verkefni fylgja hverri sögu. Þau eru mismunandi að þyngd, nr. 1 þyngst nr. 4 léttast. Þau eru lögð fyrir nemendur í samræmi við getu þeirra.

Með því móti ættu allir nemendur að geta skrifað villulausa ritgerð. Í sambandi við skrifleg verkefni er nauðsynlegt að nemendur skrifi sem minnst rangt, því ef þeir gera villur festast þær og í stað þess að fara fram fer nemendum aftur. Því ber að forðast að leggja skrifleg verkefni fyrir nemendur sem eru þeim ofviða, því það hjálpar þeim ekki, heldur þvert á móti.

Menntamálaráðuneytið
skólarannsóknardeild
janúar 1978

Textinn hér á undan frá skólarannsóknardeild menntamálaráðuneytisins er skrifaður við enska myndastíla sem koma hér á eftir. Myndastílarnir eru þýddi úr ensku fyrir móttökudeildina í Breiðholtsskóla.

Anna Guðrún Júlíusdóttir
deildarstjóri móttökudeildar Breiðholtskóla.

2. Ökuníðingurinn

1. verkefni

Skrifaðu frásögn og notaðu eftirtalin orð til hjálpar.

Jói, eiga, sportbíl

Jói, finnast gaman, keyra, hratt
Jói, ekki tillitssamur
Jói, njóta þess, hrekkja, fólk
Síðastur Mánudagur, veður, slæmt
Síðastur Mánudagur, rigna, mikið
Jói, ánægður
Jói, keyra, Miklubraut

og

Jói, gusa, vatn, fólk, ganga, gata
þá, Jói, sjá, kona, bíða, hinumegin, við, gatan
Jói, stoppar ekki
þó að, kona, ætla, ganga yfir, gangbraut